

tankesmedjan

TIDEN

FRAMSÆKIN VINNUMARKAÐSSTEFNA

— ÁSKORANIR SEM BLASA VIÐ NORRÆNA LÍKANINU
SAMANTEKT

HÁKAN A BENGTSÓN

En progressiv arbejdslivspolitik –
Den nordiske models udfordringer

En progressiv arbejdslivspolitik –
Den nordiske models udfordringer

Håkan A Bengtsson

Þessi skýrsla er hluti af umfangsmeiri umfjöllun um norræna velferðarlíkanið. Verkefnið er unnið að frumkvæði Samak, samstarfsnefndar launþegahreyfinga, sem samanstendur af verkamannaflokkum á Norðurlöndunum og alþýðusamböndum. Auk þessarar skýrslu sem fjallar um pólitískt regluverk og helstu áskoranir sem norræn velferð stendur frammi fyrir, hefur innan verkefnisins verið unnin skýrsla um uppbyggingu launþegahreyfinga og enn fremur lokaskýrsla um framtíð hins norræna velferðarlíkans.

www.tankesmedjantiden.se

info@tankesmedjantiden.se

© Hákan A Bengtsson and Tankesmedjan Tiden,
Stockholm 2017

Cover design: Arena Opinion

Typeset: Tenenbaum text

Um skýrsluna:

Norrænu velferðarlíkönin eru mjög árangursríkar samfélagseiningar. Þar stendur lýðræði traustum fótum. Árangur á sviði efnahagsmála hefur verið sérlega góður og það hefur leitt til stórbættra lífskjara. Í þessum ríkjum eru jöfnuður og félagslegur hreyfanleiki líka meiri en í öðrum velferðarríkjum. Ástæðan er sú að grundvallarþættir velferðarríkisins, heilbrigðisþjónusta, skólakerfi, félagsþjónusta og almannatryggingar, tryggja öllum lágmarksöryggi sem og tekjutilfærslu á milli hópa. En norræna velferðarlíkanið stendur nú frammi fyrir margs konar áskorunum sem tengjast alþjóðavæðingu og tölvuvæddum atvinnuháttum. Félagsleg undirboð, misrétti, gjáin milli karla og kvenna ásamt með yfirstandandi breytingum á Evrópubandalaginu eru dæmi um viðfangsefni sem takast þarf á við. Í þessari skýrslu er fjallað um þessa þætti auk fjölda annarra og bent á aðgerðir sem grípa má til.

Höfundur: Hákan A Bengtsson

Hér má sækja skýrsluna í heild: www.tankesmedjantiden.se

Sammenfatning

Norrænu velferðarlíkönin eru í sögulegu og alþjóðlegu samhengi mjög vel heppnaðar samfélagsseiningar. Þar stendur lýðræði traustum fótum. Í efnahagslegu tilliti er árangur þeirra mjög góður. Sá góði árangur hefur haft í för með sér mjög bætt lífskjör. Öll norrænu ríkin eru í hópi þeirra 15 ríkja þar sem er brúttóþjóðarframleiðsla á mann er mest. Í norrænu ríkjunum eru jöfnuður og félagslegur hreyfanleiki líka meiri en í öðrum velferðarríkjum. Ástæðan er sú að grundvallarþættir velferðarríkisins, heilbrigðisþjónusta, skólakerfi, félagsþjónusta og almannatryggingar, tryggja öllum lágmarksöryggi sem og tekjutilfærslu á milli einstaklinga og aldurshópa. Velferðarkerfi sem nær til allra og sameiginleg kjarasamningsgerð hefur leitt til þess að færri búa við fátækt en annars staðar í heiminum. Vinnumarkaðurinn er skipulagður með þeim hætti að launþegar sameinast í öflugum samtökum sem gefur þeim styrk til að ná fram samningum um laun og starfskjör á vinnumarkaði og enn fremur að hafa mikil bein og óbein áhrif á skiptingu þjóðarkökkunnar. Öflug og vel skipulögð launþegahreyfing og allsherjarkjarasamningagerð hefur leitt til þess að launadreifing í löndunum er jafnari en í öðrum löndum og láglaunamarkaður hefur ekki náð að þróast. Allsherjarsamningar byggjast á getu samningsaðila til að leysa ágreiningsmál og hagsmunaárekstra með málamíðlunum og sameiginlegum niðurstöðum frekar en með harðvítugum og langvarandi átökum. Hæfnin til að fjalla um andstæða hagsmuni og koma á samstarfi hefur ýtt undir lýðræðisþróun jafnt sem efnahagslegar framfarir og uppbyggingu þróaðs og metnaðarfulls velferðarkerfis. En samspil á milli leiðandi aðila á vinnumarkaði annars vegar og þeirra sem fara með pólitíska stjórn efnahags- og velferðarmála hins

vegar hefur líka verið áberandi einkenni á norrænu ríkjunum. Umfram allt hefur þó ríkisvaldið auðveldað aðilum vinnumarkaðarins, með öflugum ytri römmum, að ná samningum sem stuðla að aukinni framleiðni og hagsæld. Enn fremur hefur komið í ljós að aðlögun að breyttum aðstæðum í umheiminum reynist auðveld með þessu líkani. Ekki síst á tímum aukinnar hnattvæðingar undanfarna áratugi.

Hættur sem steðja að norræna vinnumarkaðslíkaninu

Munu norrænu vinnumarkaðslíkönin lifa af? Nú eru blikur á lofti og þróun mála á ýmsum sviðum getur, þegar fram líða stundir, grafið undan norrænu vinnumarkaðslíkönunum. Ójafnari tekju- og eignaskipting skapar klofning í samfélaginu og á vinnumarkaði. Aukinn munur á stöðu þeirra sem vel eru settir og hinna sem höllum fæti standa á vinnumarkaði grefur undan einingu og samstöðu í launþegahreyfingunni. Hnattvæddur vinnumarkaður er ógn við launa- og starfskjör, ekki síst vegna utanaðkomandi fyrirtækja og innri markaðar Evrópusambandsins. Borið hefur á því að starfsemi færist til þess hluta vinnumarkaðarins þar sem stéttarfélagin eiga erfiðara um vik. Þetta á við um bæði framleiðslustörf og þjónustu. Evrópusambandið hefur þrengt að möguleikum stéttarféлага til að semja fyrir hönd féлага sinna ekki síst í gegnum ýmsa úrskurði Evrópudómstólsins sem taka frelsi fjármagnsins fram yfir réttindi launþega.

Aukið framboð alþjóðlegs vinnuafis á lægri launum er annað dæmi um mikilvægt verkefni sem við blasir. Baráttan við félagsleg undirboð er áskorun sem norræn fyrirtæki og norrænir launþegar verða að taka alvarlega. Grundvöllur samvirks vinnumarkaðar er samstaða launþega sem og atvinnurekenda. Samstaða í launþegahreyfingunni á Norðurlöndum er vissulega mikil en hún fer minnkandi. Á mörgum sviðum þar sem umsvif fara vaxandi reynist erfitt að fá launþega til að ganga í stéttarfélag. Óljóst ráðningarform launþega veikir stéttarfélagin.

Nýjar og gamlar áskoranir

Aftur í fulla vinnu

Almennt má segja að atvinnuleysi sé of mikið í Evrópu og á Norðurlöndum. Ein af skýringunum á því er valdatilfærsla frá ríkisstjórnnum og þjóðarhreyfingum yfir til alþjóðlegra markaðsafla. Önnur er breytingin frá því að leggja áherslu á eftirspurn yfir í að leggja áherslu á framboð, þ.e frá keynesisma yfir í nýfrjálshyggju. Þörf er á ákveðinni og raunsærri efnahagsstefnu sem kemur í veg fyrir offjárfestingu hins opinbera en viðurkennir samt þörfina fyrir aukna fjárfestingu í opinberri velferðarþjónustu, húsnæðismálum og innviðum. Auk þess er nauðsynlegt að auka vinnuframboð og þróa atvinnuleitarúrræði.

Tölvuvæðing og vinnumarkaðurinn

Launþegahreyfingin á Norðurlöndum hefur alltaf litið tækniþróun jákvæðum augum og getur verið stolt af sögu sinni varðandi lýðræðisþróun og útbreiðslu upplýsingatækni. Nú stöndum við frammi fyrir nýjum, umfangsmiklum og víðtækum tæknibreytingum. Það sem gerir tölvuvæðinguna einstaka eru þau gríðarlegu áhrif sem hún hefur á efnahagslíf og í raun alla þætti samfélagsins, jafnt framleiðslu, dreifingu sem neyslu.

Spurningin um stöðu launþega á vinnumarkaði með tilliti til tölvuvæðingar er því mjög knýjandi. Þess vegna er þörf fyrir ramma, stefnumótun og endurnýjun á velferðarkerfunum og vinnumarkaðspólitík. Tækninýjungar skapa jafnan spennu, þar sem sumir græða en aðrir tapa, og þær kalla á nýjar lausnir, pólitískar og stéttarfélagsgengar.

Sérstaklega er mikilvægt að svara því hvaða áhrif hinir miklu mögu-

leikar tölvutækninnar hafa á vinnumarkaðinn. Segja má að allt þetta feli í sér hugsanlegar breytingar á hlutverkum launþega jafnt sem vinnuveitenda. Auk þess getur tölvuvæðingin ýtt frekar undir skiptingu launþega í fastan kjarna fastráðinna á meðan önnur verkefni eru unnin í gegnum mismunandi kerfi.

Uppfærð atvinnustefna

Hin norræna atvinnustefna er grundvöllur efnahagslegra framfara á Norðurlöndum og tiltölulega lítillar efnahagslegrar mismununar. Mikil atvinnuþátttaka hefur staðið undir norrænu velferðarlíkönunum. Vinnumarkaðspólitik, efnahagsstefna, almannatryggingar og menntastefna hafa miðað að því að sem flestir gætu stundað atvinnu og aflað sér tekna. Fólki lifir lengur, öldruðum fjölgar og þarfir þeirra verða fjölbreytilegri. Því verður hver einstaklingur að skila fleiri vinnustundum um ævina til að hægt verði að fjármagna velferðarkerfi og framfærslu aldraðra. Eins þarf að vinna gegn uppskiptingu vinnumarkaðarins til að skipting vinnutíma milli manna verði réttlát. Ef full vinna og fastráðning verður meginviðmið skapast jarðvegur fyrir réttlæti sem gefur möguleika á auknum sveigjanleika og aðlögun að einstaklingsþörfum.

Ótraustari og óruggari vinnumarkaður

Á síðustu áratugum hafa orðið breytingar á vinnumarkaði tengdar samfélagslegum breytingum. En þær tengjast líka hugmyndafræðilegum áherslubreytingum og tilhneigingu vinnuveitenda til að skapa sér aukið svigrúm. Margir fá ekki fastráðningu eða eru í hlutastörfum. Aðrir eru með óljósar ráðningar. Þetta hefur leitt til óvissu á vinnumarkaði og ótta hjá fastráðnu fólki með um að það kunni að verða neytt til að setta sig við lakari starfskjör í framtíðinni. Ýmis vandamál sem tengjast minnkandi trú á framtíðina eiga rætur sínar í þessari þróun. Fjölgun fólks sem ekki nýtur traustra ráðningarkjara leiðir til vaxandi mismununar milli þeirra sem hafa fasta vinnu og hinna sem verða að setta sig við ótryggari kjör. Þess vegna verða jafnt stjórnámálamenn sem stéttarfélög að líta á kjör fólks á vinnumarkaði sem forgangsmál.

Öryggi á umbrotatímum

Starfsþróun og símenntun eru grundvallarþættir í norrænum vinnu- markaðslíkönum. Góð grunnmenntun, margvísleg starfsmenntun og framhaldsmenntun gerir launþegum kleift að taka að sér ný störf og mæta kröfum um reynslu og þekkingu sem þeim kunna að tengjast. Uppbygging menntakerfanna þar sem boðið er upp á nám við allra hæfi, aðgangur að æðri menntun og möguleikar á halda áfram að afla sér menntunar alla ævi eru þættir sem skýra hinn mikla félagslega hreyfanleika sem er einkennandi fyrir Norðurlönd. Það er líka nauðsynlegt að í boði séu símenntun og starfsþróun í tengslum við þau störf sem í boði eru.

Skilyrði atvinnulífsins

Einnig er mikilvægt að huga að því hvernig vinna er skipulögð og hvaða áhrif það hefur á fólk. Þess vegna þurfum við meðal annars að setja vinnuumhverfismál á dagskrá. Áfram þarf að huga að þekktum vinnuumhverfis- og vinnuverndarmálum. Einnig færast nú í vöxt vandamál sem tengjast streitu og sálrænum sjúkdómum. Það þarf að endurskoða lagaumhverfi, bæta eftirlit og auka heilsuvernd á vinnustöðum. Enn fremur er þörf á auknum rannsóknum á vinnu og vinnuumhverfi. Vinnuumhverfismál þarf setja í samband við vinnuskipulag og möguleika starfsmanna til áhrifa. Launþegar verða að hafa tækifæri til að hafa áhrif á vinnuumhverfi sitt og hafa áhrif á framkvæmd og skipulag vinnunnar.

Norðurlöndin og Evrópusambandið í hnattvæddum heimi

Þegar á allt er litið má segja að hnattvæðingin hafi haft jákvæð áhrif í okkar heimshluta. Það þýðir ekki að allt sé í lagi á hinum alþjóðlega vinnumarkaði. Þar skiptir mestu að ólík vinnu- markaðslíkön rekast hvert á annað, einkum innan Evrópusambandsins. Af því leiðir að álag skapast á norræna vinnu- markaðslíkanið vegna utanaðkomandi fyrirtækja. Nú er því þörf á samnorrænni stefnumótun til að tryggja möguleika einstakra landa á að standa vörð um og efla hlut aðila vin-

numarkaðarins í að viðhalda reglu á vinnumarkaði. Vinna við félagslegu stoðirnar er byrjun á þróun í þá átt hjá Evrópusambandinu og innan þess.

Baráttan gegn félagslegum undirboðum

Það er grundvallaratriði að barist verði gegn því að fyrirtæki og önnur markaðsöfl grafi undan gildandi kjarasamningum, vinnulöggjöf eða félagslegum réttindum í löndum þar sem þau kunna að vera með starfsemi. Við blasir að í því sambandi er ýmiss konar aðgerða þörf. Margt konar reglur gilda um ábyrgð verktaka í ríkjum Norðurlandanna. Enn fremur þarf að herða á reglum um opinber útboð og setja fram skýrar kröfur um að starfsmenn njóti ævinlega sömu launa, starfskjara og almennra réttinda og kveðið er á um í kjarasamningum. Það má teljast veikleiki í þessu sambandi að stjórnun og eftirlit er máttlítið. Mörg dæmi eru um að gildandi reglur séu sniðgengnar. Í byggingariðnaði er sérlega mikið um svarta starfsemi og skattalagabrot. Hér þurfa aðilar vinnumarkaðarins að vinna með yfirvöldum að því að koma í veg fyrir félagsleg undirboð.

Norrænt sjónarhorn

Við þurfum hugmyndafræðilega samstöðu um að leggja áherslu á reynslu Norðurlandanna og þau sósíaldemókratísku velferðarlíkön sem þar hafa verið þróuð. Framsæknar hugmyndasmíðjur í löndunum ættu að geta samræmt vinnu sína betur í framtíðinni. Sú vinna ætti að byggja á fyrirliggjandi vinnumarkaðsrannsóknum. Brýnt er að koma á samvinnu á milli Norðurlandanna í því skyni að afla sem mestrar þekkingar á þessu sviði.

Norræn samvinna hefur þegar skilað miklum árangri. Í sameiningu geta norrænu þjóðirnar gegnt enn mikilvægara hlutverki í Evrópu og haft áhrif á þróun mála um allan heim. Ekki síst ætti norræna ráðheranefndin að taka virkari þátt í að verja og rannsaka norrænu vinnumarkaðslíkönin. Samvinna innan Norðurlandanna ætti að byggjast á samstöðu og styðja einstök lönd á þeirri leið sem þau velja að fara.

Skytturnar þrjár höfðu allar eitt og sama kjörorð: „Einn fyrir alla. Allir fyrir einn.“ Það ætti líka að vera kjörorð norrænnar samvinnu og stefna Norðurlandanna gagnvart Evrópusambandinu og öðrum löndum.

Tillögur og aðgerðir í framtíðinni

1. Pólitísk vakning

- Til að auka samkennd á milli hins opinbera og almennings þarf að ýta undir og viðurkenna ólíkar leiðir til þátttöku og samvinnu. Því fleiri sem taka þátt og því meiri þekking sem kemur saman, því öflugri og lýðræðislegri verður félagslegur grundvöllur stjórn-málanna.
- Stjórn mála flokkarnir þurfa að endurnýjast og laga sig að nútíma- legum samskiptaháttum. Flokkarnir verða að vera þolinmóðari og jákvæðari gagnvart þeim félögum sínum sem ekki eru tilbúnir til að helga sig pólitísku starfi í fullri vinnu. Leggja verður áherslu á að fjölga fólki í flokkunum.

2. Blöndun á vinnumarkaði

- Það verður að takast að blanda saman nýjum og gömlum hópum á vinnumarkaði. Þetta er spurning um líf eða dauða norrænu vin- numarkaðslíkananna.
- Það er grundvallaratriði að unnið verði gegn mismunun vegna uppruna ekki síður en unnið er gegn annarri mismunun, t.d. veg- na aldurs, kyns, kynhneigðar eða hömlunar af einhverju tagi.
- Í raun og veru er fyrst og fremst um það að ræða að fylgja stefnun- ni um starfshæfni, ekki síst að stytta biðtíma eftir starfi á milli kynningarnámskeiða og starfsmenntunar.
- Með því að viðurkenna þær menntunarleiðir sem þegar eru til er hægt að stytta biðina eftir vinnu.
- Þróa þarf margvíslegar stuðningsleiðir til að auka atvinnuþátt-

töku án þess að grafið sé undan allsherjarkjarasamningum eða ýtt undir myndun láglaunakima.

3. Minnka bilið á milli karla og kvenna á vinnumarkaði

- Meginmarkmiðið er að minnka bilið á milli kynjanna varðandi völd og áhrif í samfélaginu, stöðu, völd og laun á vinnumarkaði og enn fremur varðandi ábyrgð á fjölskyldu og heimili.
- Umræðan um kynferðislega áreitni (#metoo) leiðir í ljós hvernig starfsumhverfið og valdamisvægið er í atvinnulífinu. Setja verður lög sem koma í veg fyrir mismunun og þeim lögum verður að framfylgja.
- Við eigum að setja okkur markmið um að minnka launamun kynjanna og vanmat á störfum kvenna.

4. Gildi þríhliða samvinnu

- Nauðsynlegt er að allir geri sér ljóst að þríhliða samstarf hefur gegnt lykilhlutverki þegar tekist hefur verið á við erfiðleika og breytingar.
- Til að tryggja nægilegt framboð af vinnuafli verður að leggja áherslu á þríhliða samvinnu varðandi endurmenntun. Þríhliða samvinna er sérlega mikilvæg nú á tímum örra breytinga í tölvutækni.
- Ríkið þarf að bjóða aðilum vinnumarkaðarins til samræðu um spurningar sem varða menntun, framleiðni, vinnumarkaðsmál og tilfærslu á vinnumarkaði.

5. Festum allsherjarsamninga betur í sessi

- Veita ber skattaafslátt vegna félagsgjalda í stéttarfélög.
- Styðja þarf þá trúnaðarmenn stéttarfélaga sem sinna starfsþróun, námi og öryggismálum.
- Virða ber muninn á lögum og samningum. Almennatryggingar og aðrar pólitískar ákvarðanir eiga að auðvelda samskipti aðila vinnumarkaðarins og kjarasamningagerð.

- Við eigum að krefjast þess af menntakerfinu að það fræði nemandur um stéttarfélög og hvernig vinnumarkaðurinn virkar. En það er líka á ábyrgð stéttarfélaga að hafa frumkvæði að því að bjóða skólunum fræðslu.

6. Baráttan gegn félagslegum undirboðum

- Það á að vera sameiginlegt markmið Norðurlanda að utanaðkomandi fyrirtæki virði samninga og reglur varðandi laun og verðlag.
- Það á að vera sameiginlegt markmið Norðurlanda að leitast við að auka svigrúm ríkjanna til að standa vörð um norræn vinnu- markaðslíkön og að umsamin réttindi og allsherjarsamningar lúti ekki í lægra haldi fyrir markaðslögmálum.
- Við eigum að skerpa á innkaupastefnu hins opinbera og krefjast allsherjarsamninga svo sem frekast er unnt. Ákveðinn lágmarksfjöldi starfsmanna utanaðkomandi fyrirtækja skal vera fastráðinn. Við gerð útboða skal fyrirfram setja fram kröfur um gæðavottun og eftirlit á hendur þeim fyrirtækjum sem hyggjast taka þátt í opinberum útboðum.
- Meginreglan skal vera keðjuábyrgð sem felur í sér að aðalverktaki ábyrgist launa- og starfskjör hjá undirverktökum.
- Auka ber samvinnu ríkisvaldsins, skattayfirvalda, vinnueftirlitsaðila og aðila vinnumarkaðarins um að farið sé að lögum og reglum.

7. Vinna gegn kloffningi vinnumarkaðarins

- Meginreglan skal vera að launþegar séu fastráðnir í fullt starf. Setja skal viðmið um hversu hátt hlutfall starfsmanna má vera með tímabundna ráðningu. Gildar ástæður verða að vera fyrir tímabundnum ráðningum.
- Ekki skal vera heimilt að endurráða fólk hvað eftir annað tímabundið til að komast hjá fastráðningu.
- Takmarka skal fjölda starfsmanna frá starfsmannaleigum. Ekki

skal leyfa leigu á starfsmönnum til framtíðarstarfa. Leiga á starfsmönnum skal háð leyfi stéttarfélags.

- Til að tryggja rétt launþega þarf að endurskoða löggjöf til að koma í veg fyrir að vinnuveitendur í fyrirtækjum sem starfa í gegnum kerfi á netinu komi sér hjá skyldum sínum.
- Daglaunavinna skal ekki heimil vegna þess að þá hvílir öll ábyrgð og áhætta á launþeganum.

8. Nútímaleg og uppfærð atvinnustefna

- Fólk mun þurfa að vinna lengri starfsævi til að hægt verði að fjármagna velferðarkerfi þar sem fólk verður sífellt eldra.
- Verkalýðshreyfingin verður að takast á pólitískan hátt við ýmis álitamál varðandi samband vinnu og frítíma. Margir upplifa streitu í sambandi við vinnu sína, heimilislíf og frítíma.
- Það hlýtur að vera meginmarkmið að dreifa vinnunni á réttlátari hátt en nú er gert. Það vekur svo ýmsar spurningar varðandi skipingu þjóðarköunnar.
- Til að þetta megi verða er nauðsynlegt að fækka þeim sem vinna á óljósum ráðningarforsendum og í hlutastarfi.

9. Öryggi á umbrotatímum

- Aðgerðir á sviði starfsþróunar og endurmenntunar eru mikilvægir þættir varðandi velgengni norrænu vinnumarkaðslíkananna, bæði varðandi efnahagsþróun og lífskjör alls almennings. Áhersla á starfsþróun er líka mikilvæg til að stuðla að sem mestri blöndun innflytjenda í samfélagið.
- Tölvuvæðing gerir sérstakar kröfur til starfsþróunar. Hún þarf einnig að standa þeim til boða sem eru komnir með vinnu.
- Þróa þarf og innleiða ólíkar útfærslur á endurmenntunarsparnaði. Þar getur ríkisvaldið unnið með og stutt aðila vinnumarkaðarins. Dönsku launareikningarnir gætu verið fyrirmynd fyrir hin ríkin.

10. Þýðing og gildi vinnu

- Launþegahreyfingin verður að halda uppi baráttu fyrir bættum skilyrðum fyrir atvinnulífð sem stuðla að betra vinnuumhverfi. Einkum þarf í þessu sambandi að leggja áherslu á atvinnuskilyrði ungs fólks sem oft eru ótrygg.
- Launþegahreyfingin ætti að leggja áherslu á það í málflutningi sínum að bætt starfsumhverfi, bætt vinnuskilyrði og möguleikar starfsfólks til að hafa áhrif á vinnu sína, leiðir til betra lífs, frjórri hugsunar og efnahagslegra framfara.
- Vinnutími hefur tilhneigingu til að verða takmarkalaus. Skýrar reglur þurfa að vera til staðar um hvar og hvenær verk skuli unnin.
- Festa skal í lög, reglugerðir og samninga ábyrgð og áætlanir vinnuveitenda varðandi heilbrigði, öryggi, vinnuumhverfi, endurhæfingu og heilsugæslu á vinnustöðum.

11. Nútímaleg atvinnu- og nýsköpunarstefna

- Norrænu ríkin þurfa að marka sér stefnu um þróun atvinnulífsins. Það er forsenda fyrir almennri velferð en ekki síður forsenda stöðugrar efnahagsþróunar og viðunandi atvinnutækifæra.
- Þróun nútímalegrar iðnaðar- og atvinnustefnu krefst samvinnu ríkis og aðila vinnumarkaðarins.
- Norrænu ríkin þurfa í framtíðinni að auka fjárfestingu í samgöngum, húsnæði og innviðum. Stjórnámálamenn verða að sýna meiri metnað á þessu sviði.
- Í næsta skrefi þarf að taka tillit til loftslagsaðlögunar á öllum stigum framleiðslu, neyslu og dreifingar.

12. Norrænt sjónarhorn

- Nauðsynlegt er að samræma baráttuna fyrir norræna líkaninu.
- Hinar framsæknu norrænu hugmyndasmiðjur gætu sameinast um fræðslu- og áróður. Ekki síst í því skyni að setja fram efnahagspólítískar hugmyndir og áætlanir fyrir framtíðina. Auka þarf vinnumarkaðsrannsóknir á Norðurlöndum.

- Norðurlandaráð getur á öllum tímum staðið vörð um norræn vinnumarkaðsmál gagnvart Evrópusambandinu og alþjóðlegum stofnunum.
- Samstarf Norðurlandanna á alltaf að hafa kjörorð skyttanna þriggja að leiðarljósi: „Einn fyrir alla. Allir fyrir einn.“ Einnig þarf að standa vörð um stefnu landanna, ekki síst gagnvart alþjóðlegum stofnunum.